

The page features a decorative design with three large, overlapping blue circles of varying shades (dark blue, medium blue, and light blue) arranged vertically. Two thin blue lines intersect at the top left, forming a large 'V' shape that frames the central text. A vertical blue line is positioned to the left of the text.

Valgreinar

2010-2011

9. – 10. bekkur





Nafn: _____ Bekkur: _____

Staðfesting foreldris / forráðamanns: _____

Hver nemandi þarf að skila 37 kennslustundum á viku. Í kjarna eru 27 kennslustundir svo að valgreinar þurfa að vera samtals 10 kennslustundir á viku. Hver valgrein samsvarar 2 kst á viku yfir veturinn þannig að hver og einn nemandi þarf að velja 5 greinar. Lestu kennslulýsingarnar vandlega og athugaðu dag- og tímasetningar sérstaklega vel.

Veldu fimm greinar og númeraðu frá 1-5 og þrjár til vara og númeraðu frá 6-8. Ef ekki er næg þátttaka í valgrein fellur hún niður. Ef þú óskar eftir að fá þátttöku í íþróttum, félagsstarfi eða sérskólum metna sem valgrein (2-4 vikustundir) þá skaltu tilgreina það í kassanum *metið val*. Vandaðu valið í samráði við foreldra/forráðamenn þína. Fáðu aðstoð hjá umsjónarkennara, námsráðgjafa og/eða deildarstjóra ef þú þarft. Athugið að valið er fyrir báðar annir. Valið er bindandi.

Kjarnagreinar í 9. og 10. bekk.
Samtals 27 kennslustundir á viku.

Íslenska	(5)	Stærðfræði	(5)
Lífsleikni	(1)	Danska	(4)
Náttúrufr.	(3)	Samfélagsfr.	(2)
Íþróttir og sund	(3)	Enska	(4)

Innanskólaval

- Bridds (bridge) (8.-10.)
- Heimanámsval (8.-10.)
- Heimilisfræði (9.-10.)
- Ítalska (9.-10.)
- Íþróttfræði (8.-10.)
- Leiklist (8.-10.)
- Leikir og lífsleikni (9.-10.)
- Lærðu á líkamann (8.-10.)
- Smíðar (9.-10.)
- Líf í tuskunum (8.-10.)
- Marimba (8.-10.)
- Myndvinnsla - kvikmyndir (8.-10.)
- Námstækni (9.-10.)
- Stærðfræði stuðnings (9.-10.)
- Stærðfræði framhalds (9.-10.)
- Útivist og grenndarkennsla (9.-10.)
- Vél - og fatasaumur (8.-10.)
- Yndislestur (8.-10.)

Metið val

Ef nemandi og foreldrar/forráðamenn hans óska eftir því að fá nám í sérskóla eða reglubundna þátttöku í félagsstarfi metið í stað valgreinar, skal skrá það hér fyrir neðan. Slíkt má að hámarki meta sem 4 vikustundir (2 valgreinar). Miðað er við að 1 valgrein jafngildi 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku og 2 valgreinar fleiri en 5 klukkustundum. Foreldrar bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

Ósk um að fá eftirfarandi metið:

1 valgr. 2 valgr. 1 valgr. 2 valgr.

Samval

- Boltaíþróttir Íþróttahöll (mið)
- Danskar myndir og tónlist Síðuskóli (mið)
- Fatahönnun og endurnýting Lundarskóli (þri)
- FÉLAGSMIÐSTÖÐVARVAL
- Fjármálin mín Oddeyrarskóli (þri)
- Frjálsar þróttir Boginn (þri)
- Förðun og tíska Strandgata 19
- Grafísk hönnun Naustaskóli (þri)
- Handboltaskóli KA-húsið (mið)
- Heimspeki Síðuskóli (mið)
- Knattspyrnuskóli KA Boginn (þri)
- Knattspyrnuskóli Þórs Boginn (mið)
- Landfræði og saga 20. aldar Brekkuskóli (mið)
- Leður / leir / mósaik Glerárskóli (þri)
- Linux Lundarskóli (þri)
- Líkamsrækt Bjarg (mið)
- Líkamsrækt Átak (þri)
- Myndlist Giljaskóli (mið)
- Þrjón og hekl Lundarskóli (mið)
- Stórhljómsveit Brekkuskóli (mán)
- Stjörnufræði Síðuskóli (mán)
- Tónlist og tölvur Brekkuskóli (mið)
- Tölvur í dagsins önn Lundarskóli (þri)
- Útivist og hreyfing Síðuskóli (mið)
- Vetrariþróttir Skautahöll / Hlíðarfjall (þri)
- Þjóðleikur (þri)
- Þýska Brekkuskóli (mið)

Ef nemandi óskar eftir að fá fjarnám við framhaldsskóla metið, vinsamlega númerið og skráið hér.

Fjarnám, áfangi: _____

Síðasti skiladagur valblaðs er 10. maí

Efnisyfirlit

Innanskólaval	1
Bridds (bridge) (8-10. b).....	1
Heimanámsval (8.-10. b).....	1
Heimilisfræði (9.-10. b).....	1
Ítalska (9.-10. b)	2
Íþróttافرæði (8.-10. b)	2
Leikir og lífsleikni (9. – 10. b)	2
Leiklist (8.-10. b)	2
Líf í tuskunum (hönnun og þrykk) (8.-10. b).....	2
Lærðu á líkamann (8.-10. b).....	3
Marimba (8.-10. b)	3
Myndvinnsla – kvikmyndir (8.-10. b).....	3
Námstækni (9.-10. b).....	3
Smíðar (9.-10. b)	4
Stærðfræði stuðnings (9.-10. b)	4
Stærðfræði framhalds (9.-10. b).....	4
Útivist og grenndarkennsla (9.-10. b)	5
Vélsaumur – fatasaumur (8.-10. b).....	5
Yndislestur og meðferð talaðs máls	5
Samval	6
Boltaíþróttir (8. – 10. bekkur)	6
Danska: Kvikmyndir – stuttmyndir – tónlist (8. – 10. bekkur)	6
Fatahönnun og endurnýting	6
FÉLAGSMÍÐSTÖÐVARVAL – Félagsmiðstöðvarráð (8. – 10. bekkur)	7
Fjármálin mín (8. – 10. bekkur)	8
Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)	8
Förðun og tíska	8
Grafísk hönnun	9
Handboltaskóli (8. – 10. bekkur)	9
Heimspeki.....	9

Knattspyrnuskóli KA.....	10
Knattspyrnuskóli Þórs	10
Landfræði og saga 20. aldar	10
Leður, Leir, Mósaiik (8. – 10. bekkur)	11
Linux fyrir byrjendur	11
Líkamsrækt Bjarg	12
Líkamsrækt Átak	12
Myndlistaval (8. – 10. bekkur)	12
Prjón og hekl (8. – 10. bekkur)	13
Stórhljómsveit (8. – 10. bekkur).....	13
Stjörnufræði / jarðfræði.....	14
Tónlist og tölvur (8. - 10. bekkur)	14
Tölvur í dagsins önn	15
Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur)	15
Vetraríþróttir	16
Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur)	16
Þýska I	17
<i>Valgreinar utan skóla (félagsstörf eða sérskólanám)</i>	18
Íþróttæfingar	18
Myndlistar- og tónlistarnám	18
Annað.....	18
Fjarnám	18

Innanskólaval

Bridds (bridge) (8-10. b)

Nemendur kynnist bridds bæði sem afþreyingu og íþrótt. Nái grundvallartökum á sagnkerfi, úrspili og vörn. Geti spilað sér ánægju! Sjái að samvinna para eykur árangur. Skynji að bridds byggist á mörgum þáttum s.s. rökhugsun, líkindum, áræði jafnt sem þolinmæði, blekkingum og sjálfsaga.

Kennt/kynnt verður: Grunnreglur spilsins þ.e. röð lita, tilgangur sagna, sagnþrep, blindur og áhætta, sagnkerfið Standard American (grunnkerfið, punktatalning), fyrstu skref sagnhafa þ.e. talning slaga, hvernig búa eigi til slagi, draga ályktanir o.fl., fyrstu skref varnarinnar þ.e. útspil og köll, að gefa talningu o.fl., notkun sagnbakka og spilabakka, önnur helstu sagnkerfi kynnt lítillaga og almennar siðareglur spillara.

Kennsla verður mest í formi spilaæfinga (verklegar æfingar), kynningar og útskýringar (á töflu, af glærum eða skjávarpa). Í lokin verði efnt til keppni (fyrirkomulag háð fjölda nema og tíma). Gert er ráð fyrir einhverri heimavinnu (lesa og læra sagnkerfið, ráða spilaþrautir og skoða gömul spil).

Athugið að í þessum áfanga er æskilegt að viðkomandi hafi töluverða spilareynslu og/eða hafi gaman af því að spila á spil. Þekking mun á hjarta, spaða, tígli og laufi. Halda á 13 spilum án þess að aðrir við spilaborðið sjái hvað viðkomandi er með á hendi. Vita að ásinn er hæstur og tvisturinn lægstur. Vera þolinmóður. Gott er að vera vanur að spila.

Kennari Sigfús Aðalsteinsson

Heimanámsval (8.-10. b)

Þessi valgrein er ætluð þeim sem þurfa heimanámsaðstoð í einu eða fleiri fögum. Greinin er hugsuð sem stuðningur við námsefni unglingadeildar. Mætingarskylda er í heimanám fyrir þá sem velja þá valgrein. Sá sem velur heimanám samþykkir um leið það sjónarhorn að maður er aldrei „búinn að læra“; alltaf má finna eitthvað til að gera, gera enn betur eða rifja upp.

Heimilisfræði (9.-10. b)

Lögð er áhersla á að æfa mismunandi baksturs- og matreiðsluaðferðir. Bakstur og einfaldir réttir verða útbúnir. Námsmat er símat sem byggist á frammistöðu í tímum, athugaðir eru þættir eins og sjálfstæð vinnubrögð, hegðun, frumkvæði, umgengni og ábyrgð í vinnu.

Í bóklega hlutanum skoða nemendur eigið mataræði með matardagbók sem gildir hluta af einkunn.

Kennari: Alda Björk Sigurðardóttir

Ítalska (9.-10. b)

Markmið: Að þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á ítölsku sér til skilnings. Nemendur læri grunnatriði í ítalskri málfræði, fái grunnorðaforða og æfi framburð.

Kennsluaðferðir: Innlögn á töflu, munnlegar og skriflegar æfingar og umræður.

Námsefni: Valið efni frá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum 20%. Verkefnaskil 40%. Kannanir og próf 40%

Kennari: Erla S. Ingólfssdóttir

Íþróttfræði (8.-10. b)

Námið er tvískipt, annars vegar bóklegt nám s.s. þjálfunarfræði, íþróttaslys og ýmsar íþróttagreinar o.fl. Hins vegar verklegt nám þar sem nemendur í samráði við kennara skipuleggja kennslustundir og kenna hver öðrum. Námsmat byggist á frammistöðu í tímum og verkefnum.

Kennari Einvarður Jóhannsson

Leikir og lífsleikni (9. – 10. b)

Megin markmiðið er að fá eldri nemendur til að útbúa leiki og stjórna í frímínútum annarsvegar og frístunda/leikskólaleikfimi hinsvegar. Til að byrja með þá verða valdir leikir sem auðvelt er að fara í á skólalóðinni, þeir settir upp á skiljanlegan hátt, útskýrðir á pappír og síðan hengdir upp á skólalóðinni. Það er síðan hlutverk nemenda að vera á frímínútnavakt og stjórna leikjunum og sjá til þess að allt fari vel fram. Önnur verkefni valgreinarinnar geta t.d. verið að kynna skólann fyrir gestum sem koma í heimsókn; vinna gegn einelti og stuðla að betri samskiptum og líðan nemenda, aðstoð í frístund og ýmis fleiri verkefni eru möguleg en fara eftir samsetningu valgreinahópsins.

Kennari Inga Dís Sigurðardóttir

Leiklist (8.-10. b)

Um er að ræða námskeið, þar sem nemendur eru þjálfaðir í framsögn og leikrænni tjáningu. Sett verður upp leikrit sem er síðan sýnt á árshátíð skólans. Námsmat: Lokið / ólokið.

Líf í tuskunum (hönnun og þrykk) (8.-10. b)

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar s.s stimplar, stenslar, rammaþrykk og fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða

nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum. Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Kennari Astrid Hafsteinsdóttir

Lærðu á líkamann (8.-10. b)

Markmiðið er að nemendur læri að þekkja sinn eigin líkama og hvað hægt er að leggja á hann fræðist um hvernig líkaminn vinnur, læra um vöðvabyggingu líkamans og geri sér grein fyrir áhrifum nudds á líkama og sál. Lögð er áhersla á hvernig hægt er að meðhöndla meiðsl/eymsli með íþróttanuddi, teygjum, svæðanuddi og triggerpunktum. Einnig verður lögð áhersla á að nemendur skoði lífsvenjur sínar og heilbrigði og öðlast skilning á mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl. Fjallað verður um þætti eins og hollt mataræði, hreyfingu, slökun, snyrtingu, förðun og hár.

Kennari Inga Dís Sigurðardóttir

Marimba (8.-10. b)

Nemendur kynnist ásláttarhljóðfærinu Marimba sem er afrískt að uppruna. Nemendur læra ný lög og undirbúa tónleikaprógramm sem hægt verður að flytja hér í Giljaskóla, jafnvel annars staðar. Samstarf við Tónlistarskólann á Húsvík og Hafralækjarskóla er mikið í Marimbakennslunni og gætu nemendur jafnvel þurft að fara þangað eða taka á móti gestum þaðan. Nemendur læra samhæfingu og þjálfast í samspili. Farið verður yfir grunnhugtök í tónfræði.

Myndvinnsla – kvikmyndir (8.-10. b)

Aðra önnina verður myndvinnsla tekin fyrir. Nemendur nota stafræna myndavél, skanna inn myndir, vinna með þær og umbreyta þeim. Hina önnina verður öll áhersla lögð á kvikmyndir og notkun forrita því tengdu. Farið verður í undirstöðuatriði kvikmyndagerðar þ.e. kvikmyndatöku, færslu kvikmyndaefnis yfir á tölvur og klippingu. Að hluta til vinna nemendur með myndefni sem til er í skólanum, klippa það og endurvinna. Þá er uppi hugmynd um að útbúa kynningar-myndband fyrir skólann þar sem skólalífið verður sett fram á lifandi og skemmtilegan hátt.

Námstækni (9.-10. b)

Farið er í helstu atriði námstækni s.s.; lestartækni, minnistækni, glósutækni, hugarkort ofl.. Valgreinin hentar þeim sem vilja koma skipulagi á nám sitt, hún hentar sérstaklega vel þeim sem stríða við lesblindu (dyslexíu) og/eða athyglírest (ADHD/ADD) þar sem námsækni skiptir þá sérlega miklu máli.

Námsefni: Valið efni frá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum 30%

Vinumappa 70% (mat kennara 35%, sjálfsmat nemanda 35%)

Kennari Erla S. Ingólfssdóttir

Smíðar (9.-10. b)

Tekið er mið af aðalnámskrá grunnskóla hönnun og smíði þrepamarkmið 8-10.

Svo sem:

- Smíða vandaðan hlut á eigin spýtur
- Ná tókum á notkun bitjárna
- Takast á við vinnuaðferðir sem ekki hefur verið glímt við áður
- Þekkja fjölbreyttar samsetningaraðferðir
- Hafi lært að velja viðfangsefni úr mörgum hugmyndum
- Geti notað fríhendisteikningu við hönnun

Nemendum verða sett fyrir ákveðin verkefni hvert á eftir öðru í þeim tilgangi að uppfylla þessi markmið. Útfærslu hvers hlutar er svo hægt að sníða að getur hvers og eins.

Áætluð verkefni, þó ekki endilega í þessari röð, eru til dæmis.

- Tálgaður nytjahlutur, hugsanlega fleiri en einn
- Gestabók með trélömum, skreytt að hætti hvers og eins
- Gerð vinnuteikninga, fríhendis
- Lítill skápur með geirnegldri skúffu, yfirfelldu forstykki og hurð, líklega með trélömum. Málaður, hugsanlega með heimagerðri málningu.

Kennari Ingvar Engilbertsson

Stærðfræði stuðnings (9.-10. b)

Einkum ætlað þeim nemendum sem ekki hefur gengið nógu vel í stærðfræði. Greinin er hugsuð sem stuðningur við námsefni unglíngadeildar og önnur grunnatriði í stærðfræði.

Námsmat byggist á verkefnum og/eða prófum.

Stærðfræði framhalds (9.-10. b)

Einkum ætlað þeim nemendum sem stefna að námi á raungrainabrautum framhaldsskóla.

Greinin er hugsuð sem viðbót við námsefni unglíngadeildar.

Námsmat byggist á verkefnum og/eða prófum.

Útivist og grenndarkennsla (9.-10. b)

Pungamiðja greinarinnar er **útivera** annars vegar og **saga heimabyggðar** hins vegar. Áhersla verður lögð á útiveru og ferðalög eins mikið og mögulegt er með hliðsjón af tíðar- og veðurfari. Farnar verða styttri og lengri ferðir, ýmist fótgangandi, hjólandi eða keyrandi. Auk þess að njóta náttúrunnar kynnast nemendur sögu þeirra staða sem heimsóttir verða og annarra sögulegra staða í heimabyggð. Ferðirnar eru tilbreyting frá hefðbundnu námi innan kennslustofunnar og fylgja þeim oft skemmtileg ævintýri. Nemendur hafa með sér nesti og allan nauðsynlegan útbúnað í ferðirnar. Greinin er góður kostur fyrir hressa og skemmtilega krakka í leit að ævintýrum.

Kennari Brynjar Karl Óttarsson

Vélsaumur – fatasaumur (8.-10. b)

Nýliðar byrja á að sauma skyldustykki en annars læra nemendur að sníða og sauma einfaldan fatnað á sig eða aðra. Einnig er hægt að sauma eitthvað annað t.d. töskur og fleira. Efni þurfa nemendur að skaffa sjálfir að mestu .

Kennari Bergdís Kristmundsdóttir

Yndislestur og meðferð talaðs máls

Skilyrði: Áhugi á lestri.

Markmiðið: Nemendur lesi sér til ánægju en fái einnig þjálfun í meðferð talaðs máls.

Viðfangsefnin: Nýjar sögur ætlaðar ungu fólki. Nemendur velja sjálfir bækur til lestrar og ræða síðan efni þeirra við kennarann og samnemendur eða skila stuttum greinargerðum til kennara. Kennarinn hefur þó hönd í bagga með vali nemenda.

Námsmat: Munnleg og skrifleg verkefni, vinna í tímum, afköst við lestur. Ekkert lokapróf.

Heimavinna: Lestur og rýni.

Kennari: Sigfús Aðalsteinsson

Samval

Boltaípróttir (8. – 10. bekkur)

Markmið og kennsluáferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaípróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Kennari Birna Baldursdóttir

Kennt á miðvikudögum kl. 13.30-14:50 í Íþróttahöllinni v. Skólastíg.

Danska: Kvikmyndir – stuttmyndir – tónlist (8. – 10. bekkur)

Nemendur kynnast dönskum kvikmyndum og stuttmyndum. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið jafnt munnlega sem skriflega.

Kennsluhættir: Horft verður á danskar kvik- og stuttmyndir og verkefni unnin úr þeim. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni og eiga að auka færni nemenda í ritun jafnt sem töluðu máli. Jafnframt verður hlustað á danska „unglingatónlist“ og unnin verkefni úr henni.

Námsefni: Danskar kvikmyndir, stuttmyndir og tónlist. Verkefni úr smiðju kennara.

Heimanám: Nemendur vinna verkefni tengd þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat: Verkefni nemenda metin sem og vinnusemi í kennslustundum.

Kennari: Kristín List Malmberg.

Kennt verður í Síðuskóla á miðvikudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

Fatahönnun og endurnýting

Skilyrði fyrir þátttöku er að nemendur hafi tileinkað sér grunnþekkingu á saumavél.

Markmið: Að nemandi

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, prjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti / skissur að verkefni

- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum

Námshöggn:

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*
- Farið verður í Rauða krossinn eða Hjálpræðisherinn og keypt föt sem á að breyta.
- Nemendur komi með föt til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið. Heimanám felst í hugmyndavinnu og skissuteikningum. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað. Eitt skylduverkefni, nemandinn tekur upp snið úr blaði og saumar sér einfalda flík.

Námsmat: Verkefnin eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Skissubók, símat.

Kennari: Hafdís Einarsdóttir.

Kennt verður í Lundarskóla á þriðjudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVARVAL – Félagsmiðstöðvarráð (8. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.
- Að nemendur efli sinn félagslega þroska.
- Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd .
- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur kynnist annarri menningu og öðlist jákvætt viðhorf í garð þeirra.
- Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Þeir nemendur sem veljast í þessa valgrein mynda félagsmiðstöðvaráð/starfslista félagsmiðstöðvarinnar

Inntak: Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

Leiðir: Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim.

Námsmat: 35% Sjálfsmat 35% jafningjamat 30% Verkefni: Nemendur vinna saman 2-4 í hóp við að skipuleggja og halda minni viðburði í félagsmiðstöðinni. Hluti af verkefninu er að kynna verkefnið fyrir hópnum til dæmis með glærusýningu. Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna: Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), brettahelgi, íþróttadagur, spurningakeppni og skálaferð.

Viðburðir innan félagsmiðstöðvar: Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, gistikvöld og spilakvöld.

Kennslan fer fram í félagsmiðstöðvunum og er í höndum kennara/leiðbeinenda þar.

Kenndar eru tvær stundir á viku auk þeirra viðburða sem nemendur skipuleggja.

Fjármálin mín (8. – 10. bekkur)

Markmiðið með valgreininni er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á því að halda utan um eigin fjármál og þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem hvílir á okkur í daglegu lífi. Farið verður yfir heimilsrekstur, s.s. innkaup, rekstur bifreiða og önnur útgjöld sem heimili standa frammi fyrir. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að leita sér þekkingar í því fjármálaumhverfi sem við búum við á Íslandi á hverjum tíma. M.a. verður farið yfir möguleika heimabankans og þá þjónustu sem bankar og aðrar fjármálastofnanir veita.

Námið byggir á fyrirlestrum, heimsóknum, vettvangsferðum í fyrirtæki og verkefnum sem unnin eru í kennslustundum.

Námsmat: Nemendur safna verkefnum í möppur sem unnin eru í kennslustundum sem þeir skila í lok hvorrar annar. Einstaka sinnum fá nemendur verkefni með sér heim sem þeir vinna með í næsta tíma. Eftir vettvangsheimsókn á vinnustaði skila nemendur verkefni um vinnustaðinn og upplifun þeirra á staðnum. Þá er unnið með sjálfsmat og jafningjamat.

Kennari: Hafþór Einarsson.

Kennt verður í Oddeyrarskóla á miðvikudögum kl. 13:40 -15:00.

Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)

Kenndar verða ýmsar greinar frjálsra íþróttanna.

- Hlaup; spretthlaup, grindahlaup, langhlaup og boðhlaup.
- Stökk; langstökk, hástökk, þristökk og stangarstökk.
- Kastgreinar; kúluvarp, kringlukast og spjót kast.

Tilgangurinn er að vekja áhuga á fjölbreytni frjálsra íþróttanna, sem og að nýta góða aðstöðu í Boganum og á nýjum frjálsíþróttavelli á Þórsvæðinu.

Námsmat: Áhugi, ástundun, frumkvæði og virkni í tímum

Kennari: Unnar Vilhjálmsson íþróttakennari.

Kennt verður í Boganum á þriðjudögum kl: 13.40-15.00.

Förðun og tíska

Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni, heldur áhuga á förðun og tísku, því að byrjað verður alveg frá grunni. Förðun, farið er í gegnum meðhöndlun á vörum og áhöldum og umhirðu á húðinni. Farið verður svo í grunn atriði í sambandi við förðun og mismunandi aðferðir sem að hægt er að nota. Fjallað verður um hvernig tíska og förðun fléttast saman, þróun frá mismunandi tímabilum og til dagsins í dag. Skoðaðar verða bækur um tímabilaförðun, tískutímarit og sýningar Nemendur vinna tveir og tveir saman og gera vinnubók með mismunandi verkefnum

Námsmat: Vinnumappa, sjálfstæð vinnubrögð og áhugi.

Kennari: Soffía Hafþórsdóttir

Kennt verður í Strandgötu 19. (Áður Gallery Grúska) þriðjudaga kl. 13:40 – 15:00 og miðvikudaga kl. 13:40 – 15:00.

Grafísk hönnun

Grafísk hönnun er hönnunaráfangi þar sem nemendum er kennt á teikniforritið Adobe Illustrator.

Markmið námskeiðsins er að hanna sinn eigin geisladisk með sinni uppáhalds hljómsveit og plakat. Ef tími gefst til væri hægt að hanna líka VIP baksviðspassa og jafnvel prenta á boli.

Kennari: Guðrún Huld Gunnarsdóttir grafískur hönnuður

Kennt verður í Naustaskóla þriðjudaga kl. 14:30.

Handboltaskóli (8. – 10. bekkur)

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennari: Jóhannes Bjarnason

Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:30-14:50 í KA-húsinu.

Heimspeki

Heimspekítímar í Síðuskóla byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Aðallega verður notast við bækurnar *Lisa* og *Veröld Soffiu* til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Í einhver skipti verður unnið út frá myndböndum um siðfræðileg vandamál sem fólk stendur frammi fyrir. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða.

Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

Einkunn byggir fyrst og fremst á frammistöðu í tímum en einnig á heimaverkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að fólk hlusti hvert á annað og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir og kennslan fer fram í Síðuskóla

Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í Síðuskóla.

Knattspyrnuskóli KA

Knattspyrnuskóli KA er ætlaður bæði drengjum og stúlkum það er ekki skilyrði af hálfu KA að nemendur séu að æfa með KA. Auk æfinganna eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og verður staðsetning þeirra auglýst síðar. Fyrirlesarar eru ýmsir.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennsla fer fram í Boganum á þriðjudögum 13:40-15:00.

Knattspyrnuskóli Þórs

Knattspyrnuskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækji allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnuskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreininna og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum 13:30-14:50 og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingátímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.

Landafræði og saga 20. aldar

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á þeim breytingum sem urðu á heimsmynd 20.aldar, nemendur skilji landfræðileg hugtök og kunni að lesa úr gögnum.

Námsefni: *History of the 20th Century*, ásamt ýmsum ljósritum um almenna landafræði og sögu, auk þess sem internetið verður notað að einhverju leiti.

Kennslufyrirkomulag: Auk þess að nota fyrrgreind námsgögn, velja nemendur sér viðfangsefni, m.a. afla þeir sér upplýsinga um einstök ríki eða svæði. Þeir sækja upplýsingar í bækur, tölvur, kort og önnur gögn. Hópverkefni af ýmsu tagi eru unnin. Yfirleitt eiga nemendur að lesa heima og/eða leysa verkefni fyrir kennslustundir.

Námsmat: Símat fer fram í kennslustundum. Verkefni í tímum og heima. Á hvorri önn er unnin ein ritgerð sem metin er til einkunnar.

Kennari: Þorvaldur Gröndal.

Kennt verður í Brekkuskóla á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Leður, Leir, Mósaik (8. – 10. bekkur)

Leðurvinna (10 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreitt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (10 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (10 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennslan er í höndum kennara í Glerárskóla

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl.13:40 -15:00

Linux fyrir byrjendur

Markmið: Að nemendur

- geti sett upp stýrikerfi frá grunni
- geti sinnt almennu viðhaldi stýrikerfisins
- öðlist dýpri skilning á stýrikerfum
- kynnist mismunandi dreifildum (distros)
- skilji betur hvernig tölvur virkar

Námsmat: Ástundun, verkefni og frammistaða í kennslustundum.

Kennari: Jón Aðalsteinn Brynjólfsson,

Kennt verður í Lundarskóla á þriðjudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

Líkamsrækt Bjarg

Þetta valfag er fyrir þá sem vilja læra um hvernig maður ber sig að og æfir á líkamsræktarstöð.

Markmið:

- Kynna og kenna fjölbreyttar aðferðir til að stunda hreyfingu á líkamsræktarstöð.
- Að líkamsrækt og heilbrigður lífsstíll verði hluti af daglegu lífi.

Kennslufyrirkomulag:

Kennt á tæki í líkamsræktarsal. Einnig verður farið í fjölbreytta hópþjálfun, þ.e. spinning, BodyPump, Gravity, palla, þrekkíma, slökun og teygjur.

Námsmat: Virkni, áhugi og mæting.

Kennari: Birgitta Guðjónsdóttir.

Kennt verður á miðvikudögum á Bjargi og jafnvel víðar.

Líkamsrækt Átak

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnið að þjálfja þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimisal t.d. Body pump, spinning og palla. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

Kennari: Björk Pálmadóttir

Kennt fer fram í Þrekhöllinni á þriðjudögum kl.13:50 – 14:50, 14:50- 16:10.

Myndlistaval (8. – 10. bekkur)

Valinu er skipt í þrjár annir yfir veturinn.

Teikning og málun: Teikniæfingar og síðan máluð frekar stór mynd, ein eða fleiri.

Leirmótun: Mótaðir hlutir úr jarðleir og brenndir.

Skúlpúr: Þrívítt verk unnið úr ýmiskonar efni vír, gifs, mappamassa o.fl.

Kennari: Bryndís Kondrup

Kennt fer fram í Giljaskóla á miðvikudögum kl.13:40 – 15:00.

Prjón og hekl (8. – 10. bekkur)

Markmið: Að æfa færni í að prjóna eftir einföldum uppskriftum, prjóna með tveimur eða fleiri litum í einu, prjóna með 5 prjónum og hanna eigið munstur. Einnig að æfa færni í að hekla eftir einföldum uppskriftum. Mikilvægt er að tileinka sér ýmis tákni sem gilda í uppskriftum bæði í prjóni og hekli.

Námsgögn: Lopablöð frá Ístex frá nr. 24-28 og síðustu 5-6 Ýr - blöðin , (sokkprjónar, hringprjónar) og garn: léttlopi, hespulopi, bulky lopi ofl.

Kennslufyrirkomulag: Farið yfir helstu tákni í munstrum, úrtöku og útaukningu í prjóni og hekli. Nemendur geri 10 prufur og setja í möppu ásamt munstri.

Skyldustykkinn verða til dæmis: prjónaðir barnavettlingar, prjónaðir barnasokkar, heklað barna sjal, hyrna eða heklud taska. Þegar nemendur hafa lokið skyldustykkjum þá er frjáls vinna. Nemendur fá garn í prufur og skyldustykkinn.

Námsmat: Ástundun, símat út frá handverki nemenda, virkni í tímum og mappa með prufum og teikningum.

Kennari: Jónína Vilborg Karlsdóttir

Kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

Stórhljómsveit (8. – 10. bekkur)

Lýsing: Þetta er valgrein sem nemendur spila saman í hljómsveit og vinna að ýmsum verkefnum tengt því, þó er aðalatriðið að hljómsveitin komi sér upp lagalista sem unnið er eftir og stefnan tekin á tónleikahald.

Nemendur verða vera búnir með amk grunnpróf á eitthvað hljóðfæri til þess að geta komist inn í þessa valgrein.

Þó er undantekning ef nemandi sýnir fram á það að hann sé með góða færni á hljóðfæri eða sýnir góða færni í söng.

Markmið: Þessi valgrein er með það að markmiði að nemendur fái tilsögn á hljóðfæri sem nemandinn hefur áhuga að vinna með og einnig fær nemandinn reynslu af að vinna með öðrum í hljómsveit og nemandinn kynnist hljómsveitarstarfi frá A-Ö.

Námsefni: Nótur og textar af þeim lögum sem verða fyrir valinu hverju sinni.

Námsmat: Ástundun og vinnubrögð 50 % . Metið verður frumkvæði nemenda og sýnilegur áhugi. Einnig framkoma við samnemendur, vinnusemi í tímum og hegðun. Framfarir á önninni verða metnar.

- Lokatónleikar 30 %. Nemandi sýni góða framkomu. Nemandi flytji lagið utanbókar og vandi sig eins og frekast er kostur
- Verkefni 10 %. Skrifleg verkefni,

- Tónlistarleg færni 10 %. Hér verður metið hvort nemendur sýna sérstaka tónlistarlega færni í viðfangsefnum. Nemendur sem sýna góða tilfinningu fyrir tónhæð, blæ, takti o.þ.h. geta hér náð sér í auka punkta.

Kennari: Heimir Bjarni Ingimarsson.

Kennslan fer fram á mánudögum kl. 13:40-15:00 í Brekkuskóla

Stjörnufræði / jarðfræði

Val í jarðfræði er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði eða hafa e.t.v. ákveðið að stefna á náttúrufræði- eða eðlisfræðibraut í framhaldsskóla. Áhersla verður lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Bókin *Sól, tungl og stjörnur* verður kennd í jarðfræðivali. Til umfjöllunar verða kenningar um tilurð alheimsins, stjörnur, stjörnumerki á himinhvolfinu, vetrabrautir, sólkerfið okkar, jörðina og tunglið. Nemendur vinna heimildaverkefni um valið efni og farið verður í stjörnuskoðun ef tækifæri gefst.

Námsmat: Kennari metur vinnu nemenda jafnóðum. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir

Kennt verður í Síðuskóla á mánudögum kl. 13:40.

Tónlist og tölvur (8. - 10. bekkur)

Lýsing: Tölvur þjóna ríkum tilgangi í allri hljóðupptökutækni í dag. Undantekningalaust eru tölvur notaðar í upptökum á allskyns tónlist og tónsköpun. Nemendur fá að skyggjast inn í þennan magnaða heim og kynnst hvernig unnið er með hljóðupptökutækni í dag.

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig unnið er með miditækni; midi er merkið sem hljómborðið sendir til tölvunnar, tölvan les tóninn, lengd hans og hversu sterkt eða veikt stutt var á hljómborðið. Hljómborðskunnáttu er ekki krafist, því það er svo dásamlegt við þetta allt saman að til að semja tónlist þarf maður í raun ekki að kunna á hlóðfæri; maður þarf að kunna á eyru sín og hjarta. Hver og einn nemandi semur sín tónverk, í hvaða stíl sem hann óskar; tekknó, rokk, popp, o.s.fr.v.

Einnig verður stiklað inn í heim hljóðupptökunnar; upptökur á söng og hljóðfæraleik. Hvernig unnið er með audio og farið er yfir hvernig hljóðnemar eru notaðir til upptöku. 12 nemendur eru í hóp og vinna ýmist 2 eða fleiri saman.

Námsmat

- Ástundun og vinnubrögð 50 %
- Metið verður frumkvæði nemenda og sýnilegur áhugi. Einnig framkoma við samnemendur, vinnusemi í tímum og hegðun. Framfarir á önninni verða metnar.
- Verkefnavinna 30 %
- Verkefni 10 %. Skrifleg verkefni,

- Tónlistarleg færni 10 %. Hér verður metið hvort nemendur sýna sérstaka tónlistarlega færni í viðfangsefnum. Nemendur sem sýna góða tilfinningu fyrir tónhæð, takti o.þ.h. geta hér náð sér í auka punkta.

Kennarar: Heimir Ingimarsson og Karl Hallgrímsson

Kennslan fer fram í tveimur skólum, hálfur vetur hjá Heimi í Brekkuskóla og hálfur hjá Karli í Naustaskóla. Kennnt er á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Tölvur í dagsins önn

Markmið:

- að nemendur viti úr hvaða hlutum tölva er samsett
- að nemendur geti sett upp tölvu
- að nemendur geti sinnt almennu viðhaldi
- að nemendur æfist í fingrasetningu og auki hraða sinn í innslætti
- að nemendur verði betur undirbúnir fyrir framhaldsskóla
- að nemendur kynnist því að skrifa fréttir og taka viðtöl

Farið verður í fjölmiðlun, ljósmyndun, Word, Excel, Ritfinn og fleira sem nýst gæti nemendum í námi og starfi. Athugið !!! Nauðsynlegt er að nemendur geti komið með stafræna myndavél að heiman.

Námsmat: Ástundun, áhugi og frammistaða í kennslustundum.

Kennari: Jón Aðalsteinn Brynjólfsson, kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum
Kennt verður í Lundarskóla á þriðjudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur læri grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel eins og að fylgjast með veðri og færð.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri grunnatriði skyndihjálpar.

Aðaláherslan verður á útivistina að hausti. Farið verður í þrjár gönguferðir í nágrenni bæjarins. Gengið verður upp í Fálkafell – Gamli – Kjarnaskógur, Vaðlaheiði og Hlíðarfjall. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að lokinni gönguferð. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Farið verður í gönguferðirnar á virkum dögum. Gönguferðirnar munu taka frá 4-6 klst.

Farið verður eina ferð í fjallið á skíði/bretti og ein ferð á skautasvellið.

Námsmat: Ekki er próf úr útivistarhlutanum en nemendur þurfa að mæta í allar gönguferðirnar. Í skyndihjálparhlutanum verður m.a. farið í rétt viðbrögð við aðkomu að slysum, endurlífgun, blóðmissi, beinbrotum, höfuðáverkum og bráðasjúkdómum.

Farið verður í vettvangsferð á slökkvistöðina.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkleg kennsla og leikir tengdir skyndihjálpinni.

Teknar verða þrjár kannanir yfir tímabilið og verkleg könnun í endurlífgun. Lokaeinkunnin 7 gefur nemendum rétt á að sækja um skírteini til Rauða Krossins sem metið er til einnar einingar í framhaldsskólum.

Fræðsla verður um Björgunarsveitina Súlur og húsnæði hennar verður skoðað.

Þar sem ekki er unnt að koma ýmsum þáttum valgreinarinnar fyrir innan tveggja kennslustunda á viku, verður hún kennd í lotum inn á milli eins og gönguferðir, vettvangsferðir og viðamiklir þættir innan skyndihjálparinnar eins og endurlífgun. Mun því valgreininni ljúka töluvert fyrir vorið.

Kennari: Anna Sigrún Rafnsdóttir

Valgreinin hefur aðsetur í Síðuskóla. Kennt verður á miðvikudögum kl. 13.40-15.00 en stundum í lengri lotum þannig að henni lýkur fyrir að vori.

Vetrariþróttir

Skautar: Farið verður í grunnatriði skautaípróttta, hokkí og krullu. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum. Kennslan tekur ekki mið af nemendum sem hafa æft ípróttina.

Námsmat: Mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennsla fer fram í skautahöllinni á þriðjudögum frá 13:50-15:10 og er kennt á haustönn.

Skíði: Farið verður í grunnatriði skíðaípróttta. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti. Aðallega er um verklegt nám að ræða en ef veður verður óhagstætt verður hluti námsins bóklegur. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennslan fer fram í Hlíðafjalli á þriðjudögum 13:40-16:20 í 8 vikna lotu á vorönn.

Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur)

Þjóðleikur er samvinnuverkefni fjölmargra áhugasamra aðila á Norðurlandi og Þjóðleikhússins um eflingu leiklistar og skapandi starf fyrir ungt fólk.

Settir eru saman leikhópar víðs vegar um Norðurland sem setja á svið leikverk. Samkeppni er meðal ungra viðurkenndra leikskálda um leikverkin sem verða þjú og eiga að vera um 45 mínútur

að lengd. Leikverkin verða síðan sýnd í heimabyggð þar sem blásið verður til leiklistarhátíðar. Þangað er öllum leikhópum á Norðurlandi, sem taka þátt í verkefninu, boðið að koma og sína sitt leikrit.

Markmið Þjóðleiks eru m.a.:

- Að efla leiklist á Norðurlandi
- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þeirra á listformið
- Að tengja Þjóðleikhúsið á lifandi hátt við landsbyggðina
- Að miðla af fagþekkingu leikhússins til leikhúsáhugafólks í landinu
- Að styrkja íslenska leikritun

Kennslan verður í höndum kennara sem hafa leiklist að áhugamáli.

Kennt verður í Rósenborg á þriðjudögum.

Þýska I

Markmið:

- að nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- að nemendur fái grunnorðaforða
- að þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- að nemendur læri að tjá sig með einföldum settningum
- að vekja áhuga nemenda á landi og þjóð

Námsefni: *Ping Pong, les- og vinnubók, Gabi und Frank, les- og vinnubók og valið efni frá kennara.*

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði; nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig verða nemendur þjálfaðir í framburði og að tjá sig með stuttum setningum á þýsku.

Kennsluaðferðir: M.a. innlögn á töflu, hóp- og einstaklingsverkefnavinna, munnlegar og skriflegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðin og stöðvavinna.

Námsmat: Leitast verður við að hafa námsmat sem fjölbreyttast; skrifleg próf og samvinnupróf. Námsmat er byggt á 2 til 3 prófum á hvorri önn, verkefnum, áhuga og vinnubrögðum.

Kennari: Stella Gústafsdóttir

Kennt verður í Brekkuskóla á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Valgreinar utan skóla (félagsstarf eða sérskólanám)

Nemendur eiga kost á að fá metið félagsstarf eða nám utan skólans en til að hægt sé að meta það sem eina valgrein þarf að liggja að baki 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku og fleiri en 5 klukkustundir ef meta á það sem tvær valgreinar. Skila þarf staðfestingu þjálfara/ kennara/ foringja á ástundun með eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar þurfa að bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fái metið. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir af þeim 37 sem nemandi skal skila í grunnskóla og að foreldrar bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

Íþróttæfingar

Þeir sem stunda reglulegar æfingar hjá viðurkenndum íþróttafélögum geta fengið þær metnar til tveggja stunda í vali enda skili þeir skriflegri viðurkenningu frá þjálfara bæði um æfingar og ástundun.

Myndlistar- og tónlistarnám

Þeir nemendur sem eru í myndlistar- eða tónlistarnámi allan veturinn geta fengið nám sitt metið til tveggja vikustunda, enda skili þeir einkunn þaðan. Ekki er tekið þátt í að greiða skólagjöld.

Metið til tveggja stunda í vali.

Annað

Hugsanlegt er að fá annað nám eða þátttöku í félagsstarfi metið sem val t.d. skátastarf o.fl.

Fjarnám

Nemendur geta valið að stunda fjarnám í framhaldsskóla. Rétt er að vekja athygli á að 2ja eininga áfangi (102) í fjarkennslu samsvarar einni valgrein. Auk náms í viðkomandi fagi er gert ráð fyrir að með fjarnáminu verði nemendur færari um að leita sér upplýsinga á Netinu. Sérstaklega mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um að fjarnám krefst mikils sjálfsaga nemanda og stuðnings frá foreldrum. Ekki er ráðlegt að nemendur skrái sig í fjarnám nema þessi skilyrði séu fyrir hendi. Til þess að geta lagt stund á fjarnám í framhaldsskóla þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi í viðkomandi fagi með fullnægjandi árangri.